

ALMENNT UM MERKINGAR

Góðar merkingar á sendingum eru grundvallaratriði í allri flutningskeðjunni til að auka öryggi við meðhöndlun og afhendingu.

Rafræn skráning

- Skráðu sendingar rafrænt á þjónustuvefnum okkar.
- Hægt er að óska eftir aðgangi með því að senda póst á innanlands@eimskip.is.

Strikamerki

- Á strikamerki þarf að koma fram nafn sendanda, nafn og heimili viðtakanda, vörulýsing og fylgibréfsnúmer.
- Æskilegt er að sending sé strikamerkt, helst á báðum skammhliðum.
- Strikamerki þarf að liggja í beinni línu (ekki fyrir horn).

Útívörur

- Merkingar á útívöru þurfa að þola mismunandi veðurfar.
- Merkingar þurfa að vera regnheldar.
- Merkingar þurfa að þola vind.

KÆLI- OG FRYSTIVARA

Sérmerkingar

- Kæli-og frystivöru þarf að merkja sérstaklega.
- Merkja þarf hverja einingu fyrir sig með viðeigandi merkingu.
- Sambærilegar upplýsingar þarf að skrá á fylgibréf.
- Sérmerkimiða má nálgast í afgreiðslum Eimskips um allt land

Röðun á bretti

- Ekki er leyfilegt að blanda saman á bretti þurr-, kæli- og frystivöru.
- Ef um brettavöru er að ræða þá þarf að merkja vöru-meðhöndlun brettis sérstaklega en ekki bara vörunar á brettinu.

Góðar merkingar

- Kælivara: Bláir miðar með hitastigi.
- Frystivara: Rauðir miðar með hitastigi.
- Góðar merkingar hjálpa starfsfólki að koma sendingum á réttan geymslustað.
- Ekki er borin ábyrgð á sendingum sem eru rangt merktar.

KÆLIVARA
0-4°C

FRYSTIVARA
-18°C

HÆTTULEGUR VARNINGUR

Hættulegur varningur

- Sendandi ber ábyrgð á að sending sé skráð í kerfi Eimskips sem ADR vara.
- Sendandi ábyrgist að allir pappírar fylgi með sendingunni.
- Sjá reglugerð um ábyrgð sendanda hér.

ADR-pappírar

- Smelltu hér til að sækja PDF skjal sem þarf að fylla út og sjá til þess að fylgi með sendingunni.

Góðar merkingar

- Góðar merkingar hjálpa starfsfólki að koma sendingum á réttan geymslustað.
- Ekki er borin ábyrgð á sendingum sem eru rangt merktar.
- Dæmi um góðar merkingar:



AÐRAR MERKINGAR

Brothætt

Merkja skal brothætta vöru með sérstökum límmiðum sem gefur til kynna að innihaldið sé brothætt.



Ekki blotna

Merkja þarf útvöru sem má ekki blotna með sérstökum límmiðum.



Snúa í rétta átt

Ef að vara þarf að snúa í ákveðna átt þarf að merkja einingarnar skýrt og greinilega.



Þungt


Merkja skal einingar sem eru þyngri en 25 kg sérstaklega sem þunga vöru.



BRETTI - MEGINREGLUR


Stafla jafnt á bretti

Gott er að staðsetja þyngri kassa neðst og léttari kassa ofar.




Halda bretti flötu

Merkja þarf útvöru sem má ekki blotna með sérstökum límmiðum.




Gæta að hámarkshæð

Hámarkshæð á bretti er 2,2 m en gætið sérstaklega að vandaðri röðun á há bretti.




Gæta að breidd brettis

Staflað svo hliðarnar séu jafnar og vörur standi ekki út af brettinu.



Plasta og styrkja

Gætið þess að plasta brettið vel og styrkja ef þörf er á eftir eðli vörunnar.



KASSAR - MEGINREGLUR

Hentug stærð af kassa

Miðað við innihald þegar pakkað er, veljið hentuga stærð og notið fylliefni ef þörf krefur. Munið að of mikið fylliefni getur dregið úr styrk flutningseiningarinnar.




Hámarksþyngd einingar

Ef flutningseining fer yfir 25 kg þarf að koma henni fyrir á bretti og merkja sem þunga einingu.




Vara má ekki standa út

Gætið þess að kassinn passi fyrir vöruna svo að hægt sé að loka honum almennilega og ekkert standi út úr.



Veljið góðan kassa

Gæði kassa þurfa að vera góð. Veljið góða og stífa kassa til að verja vöruna sem best.



ÓJAFNAR EININGAR

Það eru ekki allir hlutir kassalaga og því þarf að vanda frágang sérstaklega þegar erfiðara er að stafla þeim saman. Ójafnar einingar geta verið margs konar og geta þurft sérstaka meðferð í frágangi.

Dýnur og húsgögn

- Ef þarf að stafla, staflið eins jafnt og hægt er til að halda jafnvægi.
- Ekki dugar að verja eingöngu með plasti.
- Verja þarf horn og viðkvæma fleti sérstaklega með pappa eða frauðplasti.
- Gætið að svæðum þar sem lyftaragafflar ganga inn.

Bárustál, álfellur og plötur

- Ef þarf að stafla, staflið eins jafnt og hægt er til að halda jafnvægi.
- Verja þarf horn og viðkvæma fleti sérstaklega með pappa eða frauðplasti.
- Gætið að svæðum þar sem lyftaragafflar ganga inn.
- Gangið frá þannig að vara geti mögulega staflast ofan á aðra vöru.
- Stífið plötur af svo þær bogni ekki.

Gler

- Notið helst sérstakar grindur til flutnings á gleri.
- Verjið allar hliðar og sérstaklega horn.
- Skorðið glerplötur vel svo þær fari ekki á hreyfingu.
- Glerplötur þurfa að standa upp á endann en ekki liggja flatar.